

REGLUGERÐ
um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi
Bosníu og Herzegovínu nr. 765/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Ákvæði 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Bosníu og Herzegovínu nr. 765/2014 hljóði svo:

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir skulu öðlast gildi hér á landi með þeirri aðlögun sem getið er um í 3. gr.:

1. Ákvörðun ráðsins 2011/173/SSUÖ frá 21. mars 2011 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Bosníu og Herzegovínu, sbr. fylgiskjal 1.

1.1 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/477 frá 31. mars 2016 um breytingu á ákvörðun 2011/173/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Bosníu og Herzegovínu, sbr. fylgiskjal 1.1.

2. Sameiginleg afstaða (97/193/SSUÖ) frá 17. mars 1997, sem ráðið ákvað á grundvelli greinar J.2 í sáttmálanum um Evrópusambandið, um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn einstaklingum sem frömdu ofbeldisverk þegar atburðirnir í Mostar áttu sér stað hinn 10. febrúar 1997, sbr. fylgiskjal 2.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, sem vísað er til í framangreindum gerðum, eru birtir á frummáli og/eða til þeirra er vísað á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Framangreindar gerðir binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við getur átt, þ.m.t. ákvæði um viðskiptabann, landgöngubann og frýstingu fjármuna.

2. gr.

Fylgiskjöl.

Fylgiskjal 3 verður fylgiskjal 2.

3. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 29. apríl 2016.

Lilja Alfreðsdóttir.

Stefán Haukur Jóhannesson.

Fylgiskjal 1.1.

**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2016/477
frá 31. mars 2016
um breytingu á ákvörðun 2011/173/SSUÖ
um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Bosníu og Hersegovinu**

Ákvæði 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar 2011/173/SSUÖ hljóði svo:

„Ákvörðun þessi gildir til 31. mars 2017.“ (Efnisútdráttur).

B-deild – Útgáfud.: 6. júní 2016